

## Stefnuyfirlýsing KSÍ um leyfiskerfið

Guðni Bergsson, formaður KSÍ:

*Leyfiskerfinu er ætlað að bæta íþróttina á öllum sviðum*

*Það er kunnara en frá þurfi að greina að knattspyrnuíþróttin nýtur stöðugt vaxandi vinsælda um allan heim. Þær væntingar sem nú eru lagðar á knattspyrnufélög og koma frá stuðningsmönnum, félagsmönnum, leikmönnum, þjálfurum, styrktaraðilum, fjölmiðlum, almenningi og yfirvöldum ríkis og sveitarfélaga eru ekki lengur eingöngu íþróttalegs eðlis. Starfsemi félaga í fremstu röð knattspyrnunnar líkist æ meir þjónustu fyrirtækis.*

*Til þess að bregðast við þessari þróun ákvað Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) að koma á leyfiskerfi til þess að bæta íþróttina á öllum sviðum. UEFA ákvað að öll félög sem taka þátt í Evrópukeppni frá og með haustinu 2004 skuli hafa útgefið leyfi frá knattspyrnusambandi sínu. Í kerfinu verða félög að mæta lágmarkskröfum UEFA á 5 sviðum.*

*Knattspyrnusamband Íslands ákvað í kjölfarið að taka upp leyfiskerfi í efstu deild karla 2003 þannig að þau félög sem ynnu sér rétt til að leika í Evrópukeppni hefðu tilskilið leyfi KSÍ. Fyrir keppnistímabilið 2007 var leyfiskerfið síðan útvíkkað, þannig að það náði einnig til 1. deildar og undirgangast nú tvær efstu deildir Íslandsmóts karla kerfið. Leyfiskerfi verður jafnframt tekið upp í efstu deild kvenna fyrir keppnistímabilið 2021 og er það stórt framfaraskref fyrir kvennaknattspyrnu á Íslandi.*

*Leyfiskerfið á að gera félögum kleift að bæta skipulag sitt samkvæmt viðurkenndum lágmarks-viðmiðum, gera fjármál íþróttarinnar sýnilegri sem ætti að leiða til aukinnar tiltrúar fjárfesta og meiri fjárfestinga utanaðkomandi aðila í íþróttinni, og bæta öryggi og ánægju áhorfenda á leið til leiks, meðan á leik stendur og að honum loknum. Knattspyrnan þarf að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokkss þjónustu. Jafnframt þarf að bjóða upp á vöru sem höfðar jafnt til sjónvarps og styrktaraðila.*

*KSÍ skuldbindur sig til að fylgja öllum viðeigandi lögum og reglugerðum, starfsreglum og siðferðilegum gildum og að fylgja Leyfisstaðli UEFA að fullu og mun gangast undir frammistöðumat á ári hverju, sem framkvæmt verður af hlutlausum aðila. Í framhaldi af árlegu frammistöðumati mun KSÍ skoða hvort úrbóta sé þörf. Jafnframt skuldbindur KSÍ sig til að góð þjónusta og trúnaður gagnvart leyfisumsækjendum verði ávallt í fyrirrúmi.*



Guðni Bergsson, formaður KSÍ